

AUGLÝSING

um viðurkenningu Íslands á lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu.

Forstjóra Evrópuráðsins hefur verið afhent yfirlýsing þess efnis, að skuldbinding Íslands til þess að viðurkenna lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu (sbr. Stjt. A 58/1958) hafi verið framlengd til 5 ára frá 3. september 1969 að telja (þ. e. til 3. september 1974).

Yfirlýsing þessi er gefin skv. 46. gr. Evrópuráðssamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis (sbr. Stjt. A 11/1954).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. september 1969.

Emil Jónsson.

Tómas Á. Tómasson.

6. október 1969.

Nr. 12.

AUGLÝSING

um viðskipta- og greiðslusamning milli Íslands og Póllands.

Hinn 12. september 1969 var undirritaður í Reykjavík viðskipta- og greiðslusamningur milli Íslands og Póllands. Gildistími samningsins er frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1974.

Við gildistöku samnings þessa fellur úr gildi viðskipta- og greiðslusamningurinn milli Íslands og Póllands frá 26. september 1966, sbr. Stjt. C 12/1966.

Viðskipta- og greiðslusamningurinn ásamt tveimur viðaukum er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 6. október 1969.

Emil Jónsson.

Tómas Á. Tómasson.

Fylgiskjal.

TRADE AND PAYMENTS AGREEMENT

between

the Republic of Iceland and the Polish People's Republic.

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Polish People's Republic, confirming their interest to promote mutual economic cooperation, have agreed as follows:

Article 1

In conformity with the principles of multilateral trade and payments the two Contracting Parties shall encourage further development of trade between the Republic of Iceland and the Polish People's Republic.